

Dagskrá Stjórnarfundar 2021 - 2022

Fundur #12

Staður: Teams

Dagsetning: 26.04.2022

Tími: 12.00 – 13.30

12.00 – 12.15	1	Opnun – einn stuttur hringur.
12.15 – 12.45	2	Aðalfundurinn – (VJ, KKH)
12.45 – 12.50	3	Ársskýrsla (AR)
12.50 – 13.00	4	Aðalfundur deilda, staða á nefndum (AR)
13.00 – 13.10	5	Verkefni stjórnar/FKA síðustu misserin og á næstunni: a. Vorferð Atvinnurekendadeild, A-FKA á Reykjanes 23.-24. apríl 2022 b. Dagur atvinnulífsins á Suðurlandi 28. apríl 10:00 Hótel Selfoss c. Barcelona ferð nk haust – til upplýsinga
13.10 – 13.30	6	Önnur mál

Mættar: Edda Rún Ragnarsdóttir, Andrea Róbertsdóttir framkv. stj. Sigríður Hrund Pétursdóttir, Vigdís Jóhannsdóttir, Katrín S. Kristjana Hjartardóttir, Elísabet Tanía Smáradóttir og Unnur Elva Arnardóttir. Vigdís ritar fundinn.

- Opnun fundar tekin stuttur hringur.
- Aðalfundur. Vigdís fór yfir framkvæmd og dagskrá aðalfundar, tæknilausnir, staðsetningar, hlutverk, rafræna kosningu, ofl. tengt fundinum.
Hlekkur með öllum upplýsingum ásamt Zoom hlekkur verður sendur út á félagskonur í lok vikunnar. Á rafrænu kosningasvæði er að finna allar upplýsingar vegna lagabreytinga, framboða, dagskrá, hlekkur á rafrænan fund og svo framvegis.
Atriði sem voru samþykkt voru:
 - Allar kosningar á aðalfundi fara fram með sama hætti á rafrænan máta.
 - Sitthvor kjörseðill er fyrir stjórnarkjör í 1 ár og 2 ár.
 - Kosið er um lagabreytingar í einu lagi á fundi 2. maí. Kosning um lagabreytingar mun standa yfir í 3 mínútur.
 - Liðir eru kláraðir í framkvæmd áður en farið er í næsta lið.
 - Kjörstjórn skipa Laufey Guðmundsdóttir, Katrín S. Kristjana Hjartardóttir og Guðný Birna Guðmundsdóttir sem jafnframt er formaður kjörstjórnar.
 - Berglind Rán Ólafsdóttir framkvæmdastýra ON er fundarstjóri og Áslaug Gunnlaugsdóttir lögmaður er ritari aðalfundar.
 - Stjórn leggur til að árgjald sé óbreytt.
 - Konur geta skilað inn auðu í kjöri til stjórnar að öllu leyti eða að hluta.
- Ársskýrslan í ár með breyttu sniði í ár og kynnt á aðalfundi.
- Deildir eru að undirbúa aðalfundi og það vantar konur til nefndarstarfa. Stjórnarkonur munu hvetja félagskonur til starfa. Búið er að senda á allar nefndir og deildir nú þegar og hvetja konur til að skrá sig.

Öðrum atriðum frestað – fundi slitið 13.35